

3. mars 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. febrúar 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Tæknileg mál sem varða skattheimtu og framkvæmd hennar eru utan hlutverks og verksviðs Seðlabanka Íslands eins og það er skilgreint í lögum. Bankinn tjáir sig því ekki um frumvarpið að öðru leyti en því að nefna að almennt er sú meginregla góð við skattlagningu að skattstofnar séu breiðir og undanþágur fáar. Slíkt gefur færi á lægri skatt-
hlutföllum en ella og dregur úr óæskilegum hliðaráhrifum skattlagningar. Frumvarpið felur í sér æskileg markmið um einföldun og jöfnun á skattalegri meðferð fyrirtækja.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri